Fullgild rafræn undirskrift
ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 161066-4869
2023-03-14 08:45:04 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
GUÐFINNUR GUÐJÓN SIGURVINSSON
Kennitala: 190878-4069
2023-03-14 09:30:59 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 201260-2489
2023-03-14 09:33:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALDIMAR VÍÐISSON
Kennitala: 100978-3509
2023-03-14 09:37:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ALDÍS STEFÁNSDÓTTIR
Kennitala: 071076-4829
2023-03-14 09:38:29 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN VIGGÓ GUNNARSSON
Kennitala: 011069-5339
2023-03-14 09:39:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON
Kennitala: 200664-2139
2023-03-14 09:50:53 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
THEODÓR SIEMSEN SIGURBERGSSON
Kennitala: 060459-3049
2023-03-14 10:17:24 GMT
Ástæða: Undirskrift

SORPA bs.

Ársreikningur 2022

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Suðurhrauni 10
210 Garðabæ

Kt. 510588-1189

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda 1

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 3

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymi 9

Skýringar 10

Sundurliðanir 17

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SORPU bs.

Álit
Við höfum endurskoðað ársreikning SORPU bs. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og á öðrum vettvangi. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru m.a. skýrsla stjórnar sem fylgir ársreikningi, ársskýrsla og önnur ófjárhagsleg upplýsingagjöf. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar að lágmarki sem ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Áritun óháðs endurskoðanda

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

* Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.

* Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.

* Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

* Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

* Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

* Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á áliti okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við lýsum því yfir að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 14. mars 2023

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Rekstur og afkoma:
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi samlagsins er meðhöndlun úrgangs. Fjöldi ársverka var 130.

Kynjahlutfall stjórnar er jafnt, 3 konur og 3 karlar.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður tímabilsins 687.351.480 kr. Hrein eign félagsins í lok tímabilsins nam 5.683.723.755 kr. Ráðstöfun á afkomu tímabilsins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Þróun í starfsemi félagsins og markverðir atburðir:
Megináhersla SORPU á tímabilinu var að greina úrgangsstrauma með breytta meðhöndlun í samræmi við forgangsröðun úrgangsþríhyrningsins í huga. Kjarnastarfsemi SORPU hefur hingað til snúist um rekstur urðunarstaðar í Álfsnesi ásamt meðhöndlun endurvinnsluefna. Nú hefur SORPA einsett sér að koma eins miklu af úrgangi úr urðun og unnið er með markmið laga um breytta meðhöndlun úrgangs sem taka gildi 01.01.2023 sem mun einkenna rekstur SORPU á næstu árum. Ljóst er að mikil tækifæri liggja í aukinni verðmætasköpun úr úrgangi og er það áhersla SORPU að efna til samstarfs við aðila á markaði um nýsköpun og þróun í þeim efnum.

Í anda hringrásarhagkerfisins hefur SORPA einsett sér að horfa á alla virðiskeðjuna er tengist úrgangsmeðhöndlun og greina tækifærin. Í þeim anda hefur gott starf verið unnið með eigendum SORPU um að skipuleggja samræmingu úrgangssöfnunar á starfssvæði SORPU, ásamt því að leggja drög að sérsöfnun við öll heimili á lífrænum úrgangi, plasti, pappír og pappa. Einnig var skoðuð markvirkni grenndarstöðva og endurvinnslustöðva til að ná eins miklu af textíl, gleri og málmum úr almennu sorptunnunni sem búast má við að verði til staðar enn um sinn.

Þessi breyting á söfnun við heimili mun skila betri endurvinnsluefnum og er forsenda fyrir því að GAJA skili þeim árangri í moltugerð sem stefnt er að. Einnig mun sérsöfnunin og samræming kalla á endurskoðun á starfsemi SORPU í móttöku- og flokkunarstöð, því minni þörf verður á forvinnslu á blönduðum úrgangi. Verkefni eru nú þegar farin af stað til að kanna áhrif væntanlegra breytinga á starfssemi SORPU.

Aukin áhersla er lögð á samstarf SORPU við aðila á markaði og ber hæst samstarf sorpsamlaga á Suðvesturlandi við gerð svæðisáætlunar fyrir svæðið. Gerð hennar lauk í lok árs 2021 en í henni má finna stefnumarkandi áherslur um aukið samstarf á milli svæðanna um breytta úrgangsmeðhöndlun. Einnig er unnið gott starf á vettvangi verkefnastjórnar um úrgangsmeðhöndlun á vettvangi Sambands íslenskra sveitafélaga. Einnig hefur SORPA haft frumkvæði að samtali við ýmis samtök atvinnulífsins um breytta úrgangsmeðhöndlun og ábyrgð rekstraraðila og sveitafélaga, en ljóst er að minnka þarf til muna blandaðan úrgang frá rekstri til að markmið um endurvinnslu náist hér á landi og til að lágmarka kostnað við meðhöndlun úrgangs.

Í lögum um breytta úrgangsmeðhöndlun er lögð áhersla á hringrásarhagkerfið og aukna sérsöfnun við heimili. Má búast við kostnaðarauka fyrir sveitarfélög vegna þessa. Til að mæta þeim kostnaðarauka er lagt til að markvirkni Úrvinnslusjóðs breytist og meira af umbúðum og öðrum úrgangi falli þar undir. Mikilvægt er að vel takist til og unnið verði að útfærslu kerfisins með Sambandi íslenskra sveitafélaga, Úrvinnslusjóði og öðrum hagaðilum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Uppfærsla upplýsingakerfa hófst á árinu 2021 en ljóst var orðið að fjárfestingar SORPU í kerfum stóðust ekki kröfur um örugga söfnun, vinnslu og geymslu gagna. Einnig voru netöryggismál skoðuð og standa fjárfestingar yfir þar. Uppfæra þurfti bókhaldskerfið og gagnavinnslukerfið og stendur það verkefni yfir. Búast má við að SORPA geti með auðveldari hætti en áður birt tölfræði m.a. á vef sínum á seinni hluta ársins, samhliða uppfærslu á vef SORPU.

Samlagið hefur unnið markvisst að makaðsþróun vegna metans og ljóst að næg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga og byrjað var að auka gassöfnun á tímabilinu.

Meginähætta og óvissuþættir:

Stefna og breyting stjórnvalda varðandi lög og reglur vegna úrgangsmála, hefur bein áhrif á rekstur SORPU. Unnið er að því að auka fyrirsjáanleiki á breytingum sem geta valdið því að SORPA þurfi að bregðast við breyttum ferlum, takmörkunum og reglum um meðhöndlun úrgangs með skömmum fyrirvara. Slíkar breytingar geta valdið auknum kostnaði hjá samlaginu og auknum fjárfestingum.

Samlagið mun hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023 og mun hefja útflutning á úrgangi til orkuvinnslu á árinu 2023. Þessum breytingum fylgir mikil óvissa og aukinn kostnaður. Að senda úrgang í brennslu er mun kostnaðarsamari vinnsluferill heldur en að urða og hefur gjaldskrá samlagsins hækkað í samræmi við aukinn kostnað. Þá er gengisáhætta mikil og óvissa um verð frá móttökuaðilum og hugsanlega skattar og lagabreytingar í Evrópu er snúa að innflutningi á úrgangi.

Fjármögnun og vaxtastig:

Vextir hafa verið að hækka síðustu misseri og hefur það áhrif á rekstur SORPU. Samlagið er einungis fjármagnað með lánum í íslenskum krónum og því er gengisáhætta ekki til staðar.

Áhrif COVID-19:

Þónokkrar tafir hafa orðið í fjárfestingaverkefnum vegna tafa erlendis sem rekja má til COVID-19. Tafirnar hafa ekki haft mikil áhrif á reksturinn en endurbætur á búnaði í móttöku- og flokkunarstöð hafa frestast.

Ekki er fyrirséð um áhrif faraldursins á starfsemi byggðarsamlagsins að öðru leyti en að mati stjórnar og framkvæmdastjóra hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi byggðarsamlagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra:

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra SORPU bs. er ársreikningur félagsins í samræmi við reikningsskilastaðla. Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í lok tímabilsins og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Eigendur í upphafi og lok tímabilsins eru:

Reykjavík	58,3%	1.099.813.104
Kópavogur	15,4%	290.021.776
Hafnarfjörður	12,6%	237.286.499
Garðabær	6,9%	130.066.647
Mosfellsbær	4,7%	88.541.017
Seltjarnarnes	2,2%	41.233.525
	100,0%	**1.886.962.568**

Stjórn SORPU bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir tímabilið með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2023

Framkvæmdastjóri:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur		5.756.324.071	4.560.691.608
Aðrar tekjur		15.660.354	27.782.381
		5.771.984.425	4.588.473.989
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	4	1.810.434.488	1.562.827.982
Rekstrarkostnaður		2.652.812.375	2.235.001.424
Afskriftir	5	403.167.182	330.388.028
		4.866.414.045	4.128.217.434
Rekstrarhagnaður		905.570.380	460.256.555
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(217.025.274)	(129.430.508)
Áhrif dótturfélaga	6	(1.193.626)	113.516
		(218.218.900)	(129.316.992)
Hagnaður tímabilsins		687.351.480	330.939.563

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11 2026

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Fasteignir		6.438.436.831	6.542.522.866
Áhöld og tæki		1.493.572.803	1.270.512.385
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	5	7.932.009.634	7.813.035.251
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutir í öðrum félögum	6	20.047.959	21.241.585
Bundnar bankainnstæður		137.343.506	120.007.850
Áhættufjárm. og langtímakr. samtals		157.391.465	141.249.435
Fastafjármunir samtals		8.089.401.099	7.954.284.686
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	2,8	413.386.147	305.207.363
Kröfur á tengda aðila	7	94.688.416	260.802.100
Aðrar skammtímakröfur		392.729	13.238.924
Handbært fé	2	998.204.405	449.172.777
Veltufjármunir samtals		1.506.671.697	1.028.421.164
Eignir samtals		9.596.072.796	8.982.705.850

Skjal sótt af '000000000000' dags: 10.11 2026

31. desember 2022

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2022	2021
Eigið fé			
Stofnfé		1.886.962.568	1.886.962.568
Óráðstafað eigið fé		3.796.761.187	3.109.409.707
Eigið fé samtals	9	5.683.723.755	4.996.372.275
Skuldir			
Skuldbindingar			
Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarst.		137.911.133	122.496.742
Skuldb. vegna endurvinnslustöðva		323.694.931	321.481.441
Skuldbindingar samtals	11	461.606.064	443.978.183
Langtímalán			
Skuldir við lánastofnanir	10	2.135.541.359	2.240.138.681
Langtímalán samtals		2.135.541.359	2.240.138.681
Langtímaskuldir samtals		2.597.147.423	2.684.116.864
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	2	485.627.415	535.818.073
Skuldir við tengda aðila	7	383.767.792	199.063.444
Ýmsar skammtímaskuldir		201.949.945	332.075.588
Næsta árs afb. langtímaskulda	10	243.856.466	235.259.606
Skammtímaskuldir samtals		1.315.201.618	1.302.216.711
Skuldir samtals		3.912.349.041	3.986.333.575
Eigið fé og skuldir samtals		9.596.072.796	8.982.705.850

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Sjóðstreymi 2022

Handbært fé frá rekstri	*Skýr.*	2022	2021
Hagnaður fyrir tekjuskatt		687.351.480	330.939.563
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfj.		403.167.182	330.388.028
Tap (hagn) af sölu á varanl. rekstrarfj.		(13.103.626)	(307.914)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga		1.193.626	(113.516)
Verðbætur og gengismunur		133.005.118	78.605.476
Hreint veltufé frá rekstri		1.211.613.780	739.511.637
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Lækkun (hækkun) á rekstrart. kröfum		70.781.095	5.574.155
Hækkun (lækkun) á rekstrart. skuldum		4.388.047	469.206.703
Handbært fé frá rekstri		1.286.782.922	1.214.292.495
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfestingar		(545.639.957)	(399.124.883)
Söluverð fastafjármuna		16.958.000	1.770.000
Breyting bundinna innstæða		(17.335.656)	(12.429.660)
Fjárfestingarhreyfingar		(546.017.613)	(409.784.543)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ábyrgðargjald v/urðunarstaða		15.414.391	12.100.866
Skammtímalán, breyting		0	(741.828.871)
Greiddar afborganir langtímalána		(229.005.580)	(230.297.875)
Br. á skuldb. endurvinnslustöðva		21.857.508	17.451.923
Stofnfjáraukning		0	500.000.000
Fjármögnunarhreyfingar		(191.733.681)	(442.573.957)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		549.031.628	361.933.995
Handbært fé í ársbyrjun		449.172.777	87.238.782
Handbært fé í árslok		998.204.405	449.172.777

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11 2026

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SORPA er byggðasamlag og er megin starfsemi félagsins fólgin í meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Lögheimili samlagsins er að Suðurhrauni 10, 210 Garðabæ.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands á árinu. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning. Eignir og skuldir, aðrar en peningalegar, sem færðar eru á kostnaðarverði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadagsins.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.

Seldar vörur

Tekjur af seldum vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda, en almennt er miðað við afhendingu vöru.

Veitt þjónusta

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru skráðar hlutfallslega miðað við framvindu verksins. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af unnum vinnustundum í hlutfalli af áætluðum heildarvinnustundum verksins. Þegar ekki er hægt að meta útkomu tiltekins samnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur aðeins innleystar að því marki sem þær standa undir kostnaði við verkefnið.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

3. Starfsþáttayfirlit

Starfsemi samlagsins er skipt í eftirfarandi fjóra starfsþætti:

	Gufunes	Álfsnes	Endurvinnslu-stöðvar og Grenndargámar	Góði Hirðirinn	Samtals
Tekjur	3.534.914.704	2.679.317.377	1.740.313.160	443.901.444	8.398.446.685
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(2.626.462.260)
Samtals	3.534.914.704	2.679.317.377	1.740.313.160	443.901.444	5.771.984.425
Laun og launat. gjöld .	694.130.125	298.866.850	537.179.154	280.258.359	1.810.434.488
Rekstrarkostnaður	2.517.103.263	1.406.037.662	1.200.097.523	163.642.047	5.286.880.495
Afskriftir	226.953.369	176.213.813	0	0	403.167.182
Fjármagnsliðir	(2.812.051)	216.418.532	3.036.483	1.038	216.644.002
Innansamlagsviðsk	0	0	0	0	(2.626.462.260)
Samtals	3.435.374.706	2.097.536.857	1.740.313.160	443.901.444	5.090.663.907
Hagnaður ársins	99.539.998	581.780.520	0	0	681.320.518

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

4. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun	1.486.839.660	1.291.013.500
Lífeyrissjóður	189.216.570	161.613.120
Önnur launatengd gjöld	134.378.258	110.201.362
Laun og launatengd gjöld alls	1.810.434.488	1.562.827.982

Fjöldi ársverka á tímabilinu var 130 miðað við 129 á sama tímabili á árinu á undan.

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu um 39,9 mkr á tímabilinu, en um 59,3 mkr á sama tímabili árið á undan.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers tímabils.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	7.765.707.054	3.109.087.610	10.874.794.664
Afskrifað alls 1/1	(1.223.184.188)	(1.838.575.225)	(3.061.759.413)
Viðbót á tímabilinu	64.531.182	481.108.775	545.639.957
Afskrifað á tímabilinu	(168.617.218)	(254.193.982)	(422.811.200)
Selt og niðurlagt	0	(3.854.374)	(3.854.374)
Bókfært verð 31/12	6.438.436.830	1.493.572.804	7.932.009.634
Stofnverð alls 31/12	7.830.238.236	3.586.342.011	11.416.580.247
Afskrifað alls 31/12	(1.391.801.406)	(2.092.769.207)	(3.484.570.613)
Bókfært verð 31/12	6.438.436.830	1.493.572.804	7.932.009.634
Afskriftarhlutföll	2-20%	10-20%	

Afskriftir færast eftirfarandi:

Í rekstur	403.167.182
Til lækkunar á skuldbindingu vegna endurvinnslustöðva	19.644.017
	422.811.199

Skjal sótt af '000000000' dags: 10.11 2026

Fasteignir félagsins eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna-mat	Vátrygginga-mat	Bókfært verð
Gufunes, móttökustöð	1.949.250.000	2.104.000.000	910.779.139
Gas og jarðgerðarstöðin Álfsnesi	2.693.700.000	0	5.170.620.957
Endurvinnslustöðvar	299.170.000	203.350.000	357.036.734
	4.942.120.000	2.307.350.000	6.438.436.830

Vátryggingarverð véla, tækja og áhalda samlagsins nam 4.390,4 mkr í lok tímabilsins.

6. Eignarhlutir í dótturfélögum

Dótturfélög eru þau félög sem félagið fer með yfirráð í. Yfirráð eru til staðar þegar félagið á meirihluta atkvæða í öðru félagi eða fer með meirihluta atkvæða af einhverjum ástæðum. Hlutdeildarfélög eru þau félög, þó ekki dótturfélög, sem félagið á verulegan eignarhlut í eða hefur myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þeirra. Félag er talið eiga verulegan eignarhlut í öðru félagi ef það á a.m.k. 20% eignarhlut í því. Eignarhlutir félagsins í dóttur- og hlutdeildarfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins. Hlutdeild í rekstrarárangri er færð sem áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga í rekstrarreikning.

	%	Nafnverð	Bókfært verð
Metan ehf., Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík	100,00%	47.000.000	20.047.959
			20.047.959

7. Viðskipti við tengda aðila

Í töflunni hér að neðan koma fram heildarviðskipti ársins við tengda aðila:

	2022 Sala til tengdra aðila	2022 Kaup frá tengd-um aðilum	2022 Lán frá tengd-um aðilum	2022 Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	2.831.956.560	206.669.621	21.174.563	92.904.798
Óuppgert v/endurvinnslust....			361.021.753	
Óuppgert v/grenndargáma....			1.328.988	
Metan dótturf. SORPU.....	7.884.137	7.224.599	242.488	1.783.618
	2.839.840.697	213.894.220	383.767.792	94.688.416

	2021 Sala til tengdra aðila	2021 Kaup frá tengd-um aðilum	2021 Lán frá tengd-um aðilum	2021 Lán til tengdra aðila
Eigendur og dótturf. þeirra....	2.418.241.171	195.601.622	21.010.902	258.373.429
Óuppgert v/endurvinnslust....			177.215.043	
Óuppgert v/grenndargáma....			144.971	
Metan dótturf. SORPU.....	8.364.075	6.545.810	692.528	2.428.671
	2.426.605.246	202.147.432	199.063.444	260.802.100

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

8. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfurkröfur eru færðar niður í ársreikningnum og nemur niðurfærslan 1,9 mkr. Á tímabilinu eru gjaldfærðar 1,2 mkr. vegna tapaðra krafna og breytinga á niðurfærslu. Breytingin greinist þannig:

	2022	2021
Afskriftareikningur 1/1	1.171.582	6.801.045
Afskrifaðar kröfur á tímabilinu	1.201.012	(4.000.277)
Framlag tímabilsins í afskriftareikning	(478.731)	(1.629.186)
Afskriftareikningur 31/12	1.893.863	1.171.582

9. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	1.886.962.568	3.109.409.707	4.996.372.275
Hagnaður ársins		687.351.480	687.351.480
Eigið fé 31/12	1.886.962.568	3.796.761.187	5.683.723.755

10. Vaxtaberandi langtímaskuldir

Lán og lántökur sem bera vexti eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að frádregnum afborgunum og að teknu tilliti til vístitölu- og gengisbreytinga eftir því sem við á. Skuldir eru skilgreindar sem skammtímaskuldir nema félagið hafi skilyrðislausan rétt til að fresta greiðslu í að lágmarki eitt ár eftir lok reikningsárs.

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	2022	2021
Lánasjóður sveitarfélaga NVT 1,16-3,45%	1.611.051.702	1.622.473.739
Íslandsbanki ÓVTR, 8,36%	766.666.669	833.333.335
Eignaleigur ÓVTR 8,7%	1.679.454	19.591.213
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	2.379.397.825	2.475.398.287
Næsta árs afborganir	(243.856.466)	(235.259.606)
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	2.135.541.359	2.240.138.681

Langtímaskuldir greinast þannig:

	2022	2021
Skuldir vegna byggðasamlagsins	2.342.656.011	2.420.852.799
Skuldir vegna endurvinnslustöðva	36.741.814	54.545.488
	2.379.397.825	2.475.398.287

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2023	243.856.466	235.259.606
Afborganir 2024	205.870.570	216.303.495
Afborganir 2025	205.870.570	205.560.438
Afborganir 2026	205.870.570	194.328.946
Afborganir 2027	205.870.570	694.328.951
Afborganir síðar	1.312.059.079	929.616.851
	2.379.397.825	2.475.398.287

11. Skuldbindingar

Í samræmi við 11. og 31. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 10 gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, tók stjórn SORPU bs. ákvörðun um að leggja á sérstakt gjald á urðaðan úrgang til að uppfylla ákvæði framangreindra laga og reglugerða um ábyrgð á eftirliti og vöktun með urðunarstaðnum í 30 ár eftir að honum hefur verið lokað. Gjaldið leggst á allan urðaðan úrgang frá 16. júlí 2009 að telja. Ábyrgðin er í samræmi við 17. gr. lið b í reglugerð nr. 738/2003.

Til gjalda á tímabilinu eru færðar 15,4 mkr. og nemur skuldbinding vegna ábyrgðar á urðurnarstað í lok tímabilsins 137,9 millj. kr.

Endurvinnslustöðvar eru í eigu sveitarfélaganna og er færð skuldbinding vegna þeirra í bókum SORPU bs. Á móti lánunum sem tekin voru vegna endurvinnslustöðva á SORPA bs. kröfu á hendur sveitarfélögunum og dregst hún frá skuldbindingunni.

Breyting skuldbindingarinnar er eftirfarandi á tímabilinu:

	2022	2021
Skuldbinding vegna endurvinnslustöðva í ársbyrjun	376.680.752	392.391.940
Krafa á sveitarf., v/langtímal. endurvinnslust., í ársbyrjun	(55.199.311)	(72.651.234)
Afskrift á tímabilinu	(19.644.017)	(15.711.188)
Vextir og uppreikningur langtímalána	21.857.507	17.451.923
Samtals	323.694.931	321.481.441

Skuldbindingin sundurliðast þannig:

	2022	2021
Endurvinnslustöðvar í lok tímabilsins	360.436.745	376.680.752
Langtímalán og áfallnir vextir vegna endurvinnslustöðva	(36.741.814)	(55.199.311)
Samtals	323.694.931	321.481.441

Skuldbinding skiptist í hlutfalli við íbúafjölda sveitarfélaga þann 31.12.2022

		2022	2021
Reykjavíkurborg	56,6%	183.169.707	181.378.293
Kópavogur	16,1%	52.107.947	52.064.637
Hafnarfjörður	12,4%	40.013.563	39.739.513
Garðabær	7,6%	24.725.424	24.623.542
Mosfellsbær	5,4%	17.565.653	17.386.037
Seltjarnarnes	1,9%	6.112.638	6.289.419
Samtals		323.694.931	321.481.441

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

12. Leigusamningar

Samlagið leigir verslunar- og skrifstofuhúsnæði undir starfsemi sína. Þessir leigusamningar eru til 10 ára eða ótímabundnir. Leigusamningarnir eru allir tengdir vísitölu neysluverðs. Leigusamningarnir teljast rekstrarleigusamningar og eru leigreiðslur þeirra gjaldfærðar í rekstrarreikningi.

Samningsbundnar leigugreiðslur eru áætlaðar að falli til þannig á næstu ár:

Leiga 2023	100.623.840
Leiga 2024	109.365.120
Leiga 2025	109.365.120
Leiga 2026	109.365.120
Leiga 2027	109.365.120
Leiga síðar	546.825.600
	1.084.909.920

13. Önnur mál

Á árinu 2021 höfðaði Íslenskir aðalverktakar hf. (ÍAV) dómsmál gegn SORPU bs. til heimtu bóta vegna ætlaðra brota samlagsins á reglum um opinber innkaup. Í stefnunni krefst ÍAV þess að SORPA greiði stefnanda bætur. Í desember 2021 var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur um að SORPA skuli greiða ÍAV bætur að fjárhæð kr. 89.427.759 en SORPA hefur hefur áfrýjað dómnum til Landsréttar. Varúðarfærsla vegna óvissu um niðurstöðu málsins var færð á árinu 2021. Áfrýjun hefur ekki verið tekin fyrir við undirritun ársreikningsins.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026

Sundurliðanir

	2022	2021
Rekstrartekjur		
Móttökutekjur	2.636.045.631	1.508.837.416
Endurvinnsluafurðir	944.306.155	1.066.706.105
Endurvinnslustöðvar	1.732.096.051	1.578.704.760
Nytjamarkaðir	443.876.234	406.443.327
Aðrar tekjur	15.660.354	27.782.381
	5.771.984.425	4.588.473.989
Rekstrargjöld		
Annar starfamannakostnaður		
Slysatryggingar	1.690.688	1.663.472
Fæðis- og kaffikostnaður	25.056.835	20.379.814
Vinnufatnaður	14.130.885	10.012.628
Menntun og námskostnaður	12.661.212	4.784.765
Annar starfsmannakostnaður	21.426.300	25.553.656
	74.965.920	62.394.335
Rekstur, móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs		
Eyðingargjöld	72.752.159	41.471.955
Flutningur	620.841.399	535.414.087
Véla- og gámaleiga	448.976.392	441.115.363
Rekstrarvörur	86.509.967	33.636.415
Landleiga og urðunargjald	65.605.705	52.765.217
Tækniaðstoð	143.685.449	170.481.987
Viðhald véla og tækja	199.402.648	143.224.302
Tryggingar véla og tækja	1.497.751	1.140.171
Aðrar tryggingar vinnsla	927.584	867.420
Eftirlitsgjöld	6.476.636	4.872.544
	1.646.675.690	1.424.989.461
Rekstur húsnæðis		
Húsaleiga	73.804.529	53.815.637
Rafmagn, hiti og kalt vatn	78.163.700	79.105.645
Viðhald og rekstur húsnæðis	105.780.363	80.429.374
Fasteignagjöld og lóðarleiga	90.100.170	84.934.740
Annar húsnæðiskostnaður	25.344.425	23.788.808
Snjómokstur / hálkueyðing	7.879.896	5.663.599
Viðhald lóðar	53.400.041	40.661.445
	434.473.124	368.399.248

Skjal sótt af '000000000000' dags: 10.11.2026

Sundurliðanir

	2022	2021
Kynningarkostnaður		
Auglýsingar, framleiðsla og birtingar	8.731.337	24.628.981
Kynningar	1.691.710	4.065.971
	10.423.047	28.694.952
Rekstur fólksbifreiða		
Eldsneyti	14.575.318	3.738.504
Viðhald	6.914.091	4.939.760
Skattar og tryggingar	4.208.381	4.017.606
Annað	13.063	0
	25.710.853	12.695.870
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		
Ferðakostnaður	10.520.723	3.364.655
Ritföng og prentun	3.019.341	3.118.806
Símakostnaður	13.043.742	15.329.111
Burðargjöld	808.802	1.301.600
Fundakostnaður	773.553	282.453
Bækur og tímarit	804.652	1.037.977
Rekstur tölvubúnaðar	249.422.092	157.892.914
Félags- og aðildargjöld	3.098.985	3.310.840
Þóknun til endurskoðenda	9.807.538	7.176.387
Lögfræðileg aðstoð	44.735.166	35.514.946
Aðkeypt þjónusta	106.735.156	31.125.717
Innheimtu- og önnur bankaþjónusta	7.377.833	5.217.900
Vátryggingar	9.783.779	8.897.161
Afskrifaðar tapaðar kröfur	1.201.012	(4.000.277)
Annar kostnaður	(568.633)	68.257.368
	460.563.741	337.827.558
Rekstrarkostnaður samtals	2.652.812.375	2.235.001.424
Þóknun til endurskoðenda nánar		
Endurskoðun	3.920.453	3.666.287
Innri endurskoðun	3.351.610	3.364.140
Önnur þjónusta	2.535.475	145.960
	9.807.538	7.176.387

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Fylgigögn með árshlutareikningi 2022

Fimm ára yfirlit samlagsins

Rekstur	**2022**	**2021**	**2020**	**2019**	**2018**
Rekstrartekjur	5.771.984	4.588.474	3.807.780	3.848.213	4.171.039
Rekstrargjöld	(4.463.247)	(3.797.829)	(3.501.372)	(3.475.432)	(3.431.661)
Hagnaður f. afskriftir	1.308.738	790.645	306.409	372.781	739.378
Afskriftir	(403.167)	(330.388)	(308.502)	(222.566)	(211.160)
Hagnaður f. fjárm. liði	905.570	460.257	(2.094)	150.215	528.218
Fjármagnsliðir	(218.219)	(129.317)	(142.039)	(53.931)	13.937
Hagnaður ársins	687.351	330.940	(144.133)	96.284	542.155

Efnahagur

Fastafjármunur	8.089.401	7.954.285	7.890.178	6.840.215	3.217.323
Veltufjármunir	1.506.672	1.028.421	672.061	1.043.650	1.414.921
Eignir samtals	9.596.073	8.982.706	8.562.239	7.883.865	4.632.245
Eigið fé	5.683.724	4.996.372	4.165.433	3.809.565	3.513.281
Skuldbindingar	461.606	443.978	430.137	390.040	348.905
Langtímaskuldir	2.135.541	2.240.139	2.397.631	2.571.547	188.379
Skammtímaskuldir	1.315.202	1.302.217	1.569.039	1.112.713	581.679
Eigið fé og skuldir samtals	9.596.073	8.982.706	8.562.239	7.883.865	4.632.245
Veltufjárhlutfall	1,15	0,79	0,43	0,94	2,43
Eiginfjárhlutfall	59,23%	55,62%	48,65%	48,32%	75,84%
Arðsemi eigin fjár	12,87%	7,22%	-3,61%	2,63%	17,68%
Skuldsetningarhlutfall	37,57%	44,84%	57,56%	67,50%	5,36%
Ársverk	130	129	113	113	112

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026